

Breytingatillaga við frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum (þskj. 189-189. mál).

5. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.

b. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en 5 ár frá skráningu.

Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6 og 7. gr. skulu ekki standa lengur en í tíu ár frá skráningu.

Skýringar:

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. frv. þannig að efni hennar verði í fullu samræmi við efni 12. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Nánar tiltekið gerir tilvitnuð grein, sem breytir 113 gr. Schengen-samningsins, ráð fyrir einföldun á þeim reglum er gilda um eyðingu upplýsinga úr kerfinu. Breytingarnar sem hér eru lagðar til á 17. gr. laganna eru í samræmi við þann áskilnað og kveður b-liður frumvarpsgreinarinnar, eins og hann hljómar skv. breytingartillögu þessari, á um að upplýsingum um hluti á grundvelli 7. gr. laganna skuli eytt innan fimm ára frá skráningu. Öllum öðrum upplýsingum en skráðar eru á grundvelli 6. og 7. gr. skuli eytt innan 10 ára frá skráningu, sbr. c-lið frumvarpsgreinarinnar.

Sú breyting sem lögð er til í a-lið ákvæðisins er í samræmi við þá breytingu sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að verði gerð á 7. gr. laganna. Þar er fleiri hlutum bætt við upptalningu ákvæðisins og því þarf að færa orðalag 17. gr. laganna til samræmis við það.

Ekki mun hafa verið ætlunin að hrófla við þeim ákvæðum sem gilda um endurmat skráningar skv. 2. mgr. 17. gr. né að breyta þeirri meginreglu að enginn hámarkstími gildi um geymslu skráðra upplýsinga um einstaklinga á grundvelli 6. og 7. gr. laganna.